

September 2019

Allianz Global Investors Fund - Allianz Global Equity
Samruni Allianz Global Investors Fund X plc - Allianz Global Equity High Alpha („samrunaundirsjóðurinn“) í Allianz Global Investors Fund - Allianz Global Equity („viðtökuundirsjóðurinn“)

Kæri hluthafi,

Á verðbréfareikningi þínum eru hlutabréf í Allianz Global Investors Fund - Allianz Global Equity.

Stjórn Allianz Global Investors Fund („fyrirtækið“) hefur ákveðið að sameina undirsjóðinn Allianz Global Investors Fund X plc - Allianz Global Equity High Alpha, undirsjóð írskis UCITS regnhlífur-fjárfestingarfélags, undirsjóðnum Allianz Global Investors Fund - Allianz Global Equity, eins og fram kemur í eftirfarandi töflu:

Heiti sjóðs	Samrunaundirsjóður		Viðtökuundirsjóður	
	Allianz Global Investors Fund X plc - Allianz Global Equity High Alpha		Allianz Global Investors Fund - Allianz Global Equity	
Hlutabréfaflokkar	Hlutabréfaflokkur	ISIN	Hlutabréfaflokkur	ISIN
	Euro Hedged Class	IE00B3VHVK75	WT (H2-EUR)	LU1951921466
	Euro Hedged Distribution Class	IE00BGCRZV67	WQ (H2-EUR)	LU1951921540
	Sterling Hedged Class	IE00B3VHV298	WT (H2-GBP)	LU1951921623
Dagsetning samruna	8. nóvember 2019			

Fyrir fjárfesta með búsetu í Sambandslýðveldinu Þýskalandi var samruninn einnig birtur í *Börsen-Zeitung* þann 26. september 2019.

Áhrif á Allianz Global Investors Fund - Allianz Global Equity

Samruninn hefur ekki í för með sér nein marktæk hagræn áhrif fyrir fjárfesta í viðtökuundirsjóðnum. Upplýsingar um alla hlutabréfaflokka sem í boði eru fyrir viðtökuundirsjóðinn er að finna á vefsetrinu <https://regulatory.allianzgi.com>.

Með samrunanum fjölga eignum sem stjórnað er innan viðtökusjóðsins og þannig verður sjóðsstjórnin skilvirkari. Áhættulýsingin og fjárfestingarmarkmiðin verða óbreytt. Engar breytingar eða tilfærslur verða á eignasafni fjárfestinga í eigu viðtökuundirsjóðsins vegna samrunans.

Þú þarft ekki að greiða neinn aukakostnað í tengslum við samrunann.

Af hverju verður samruninn?

Allianz Global Investors er stöðugt að fara yfir fjárfestingartækifæri þau sem í boði eru fyrir fjárfesta þess til að tryggja að vörur þess uppfylli þarfir og markmið viðskiptavina.

Gert er ráð fyrir að samruninn leiði til stærðarhagkvæmni til langs tíma og að reksturinn verði hagkvæmari.

Allianz Global Investors Fund
6A, route de Trèves
L-2633 Senningerberg
P.O. Box 179
L-2011 Lúxemborg

Sími +352 463 463 -1
Fax +352 463 463 -620
Netfang
www.allianzglobalinvestors.lu
Société d'Investissement à Capital Variable
Skráð skrifstofa: Senningerberg
Registre de Commerce: B 71,182

Í stjórn:
William Lucken (formaður)
Beatrix Anton-Groenemeyer
Hanna Duer
Oliver Drissen
Gerda Hermann
Markus Nilles
Dirk Raab

Aðferð við samruna

Á samrunadeginum verða hlutabréf viðtökuundirsjóðsins tekjufærð á fjárfesta í samrunaundirsjóðnum.

Í staðinn fær viðtökuundirsjóðurinn hreinar eignir samrunaundirsjóðsins. Þar af leiðandi verður engin breyting á uppbyggingu fjárfestinga viðtökuundirsjóðsins.

Endurskoðandi fer yfir allan samrunann. Ef þú óskar eftir því færðu samrunaskýrslu endurskoðandans ókeypis.

Ef þú er ekki sammála fyrirhuguðum samruna undirsjóðsins sem verður sameinaður viðtökuundirsjóðnum, getur þú innleyst hluti þína í viðtökuundirsjóðnum án innlausnargjalds - eins og venjulega.

Lögbundin skjöl vegna sölu

Afrit af lykilupplýsingum fyrir fjárfesta og skráningarlýsingu viðtökuundirsjóðsins eru tiltækar hjá ráðgjafa þínum og aðgengilegar eða fáanlegar ókeypis samkvæmt beiðni á venjulegum opnunartíma fyrirtækisins, stýringarfyrirtækisins og upplýsingafulltrúum í hverju lögsagnarumdæmi þar sem undirsjóðirnir eru skráðir til sölu fyrir almenning. Þau skjöl eru einnig aðgengileg á netinu á slóðinni <https://de.allianzgi.com>.

Virðingarfyllt,
stjórnin

Þetta skjal er þýðing af upprunalega skjalinu. Ef ske kynni að misræmi eða mistúlkun sé í þýðingunni, gildir upprunalega útgáfan á ensku, eins lengi og hún brjóti ekki í bága við lög í viðkomandi landi eða svæði.

Allianz Global Investors Fund
6A, route de Trèves
L-2633 Senningerberg
P.O. Box 179
L-2011 Lúxemborg

Sími +352 463 463 -1
Fax +352 463 463 -620
Netfang
www.allianzglobalinvestors.lu

Société d'Investissement à Capital Variable
Skráð skrifstofa: Senningerberg
Registre de Commerce: B 71,182

Í stjórn:
William Lucken (formaður)
Beatrix Anton-Groenemeyer
Hanna Duer
Oliver Drissen
Gerda Hermann
Markus Nilles
Dirk Raab